

**Sp.**

#### **400. Þingsályktun**

um að láta rannsaka orsakir til framkvæmdaleysis allmargra bænda landsins í jarðrækt.

(Afgreidd frá Sp. 19. apríl).

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á því, hverjar séu orsakir þess, að allmikill fjöldi bænda landsins hefir ekki notfært sér þau friðindi, sem þeir hafa átt kost á samkvæmt jarðræktarlögunum. Skal meðal annars athuga, að hve miklu leyti eftirfarandi atriði, hvert fyrir sig, eiga hér hlut í:

1. Nægileg áveitulönd.
2. Nytjar af veiði í sjó eða vötnum.
3. Óhagstæður leigumáli.
4. Fátækt og úrræðaleysi.

Að lokinni þessari rannsókn skal ríkisstjórnin, í samráði við Búnaðarfélag Íslands — ef rannsókn leiðir í ljós, að hér sé fátækt og úrræðaleysi um að kenna eða óhagkvæmum leigumála eða ábúð — leggja fyrir Alþingi tillögur til góðrar úrlausnar þessu vandamáli. Kostnaður við rannsókn málsins greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem starfsmenn Búnaðarfélagsins ekki anna rannsókninni.